



ALLIR SEM EINN SJÁLFBOÐALIÐAVEFUR



Starfsemi íþróttahreyfingarinnar byggist á stórum hluta á vinnu sjálfboðaliða. Fjöldi fólks hefur lagt íþróttahreyfingunni lið með því að sitja í nefndum, ráðum eða vinnuhópum, tekið þátt í foreldrastarfi eða aðstoðað við framkvæmd móta eða kappleikja.



Megin markmiðið með sjálfboðaliðavefnum „Allir sem einn“ er að skapa vettvang fyrir sjálfboðaliða til þess að halda utan um sitt framlag hvort sem það er unnið í þágu íþróttahéraða, sérsambanda, félagsliða eða ÍSí. Einnig er markmiðið að fá yfirsýn yfir það fjölbreytta starf sem sjálfboðaliðar vinna innan íþróttahreyfingarinnar.


Við hvetjum alla til þess að fara inn á www.isi.is smella á „**Allir sem einn**“ og skrá inn sitt vinnuframlag. Með því móti náum við að gera störf sjálfboðaliða innan íþróttahreyfingarinnar sýnilegri.

SKRÁÐU ÞIG TIL LEIKS

WWW.ISI.IS



Inn á vefnum „Allir sem einn“ er hægt að skrá þær vinnustundir og þau störf sem sjálfboðaliðinn sinnir. Skráningin birtist á yfirliti þar sem sjálfboðaliðinn hefur góða yfirsýn yfir sitt vinnuframlag og þau störf sem hann sinnir. Hægt er að flytja gögnin yfir í exel-skjal eða prenta þau út sem pdf-skjal. Einnig er áhugavert að skoða skráninguna á myndrænan hátt undir tölfræðinni.



- 157.686 Íslendingar eru félagar í a.m.k. einu íþróttafélagi innan ÍSÍ eða um 49,3% landsmanna.
- Innan íþróttahreyfingarinnar eru 18 héraðssambönd, 7 íþróttabandalög, 46 íþróttagreinir, 430 félög og 879 deildir.
- Tæplega 10.000 sjálfboðaliðar eru í stjórnnum innan íþróttahreyfingarinnar (áætlað 7 manns í stjórn).
- Um 15.000 sjálfboðaliðar eru í nefndum og ráðum innan íþróttahreyfingarinnar (áætlað 7 manns í hverri nefnd/ráði).
- Enn fleiri sjálfboðaliðar koma að skipulagningu á kappleikjum, mótum og foreldrastarfi.